



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun nýrrar lyfjaverksmiðju Delta  
14. nóvember 1998**

Stjórnendur og starfsfólk Delta  
Virðulegir gestir

Það er í senn fróðlegt og fagnaðarefni að fylgjast með því hve kröftuglega við Íslendingar stígum skrefin inn á athafnabrautir þess hagkerfis sem á nýrri öld mun ráða úrslitum um velferð þjóða og lífskjör.

Virtir fræðimenn hafa um nokkra hríð sýnt með skýrum rökum að þekkingariðnaður og framleiðsla á vörum og tækjum í þágu heilbrigðis og lækninga eru ásamt ferðaþjónustu og hvers konar menningariðju vaxtartrén í efnahagslífi framtíðarinnar.

Þær þjóðir sem ætla að halda hlut sínum og gott betur verði að hasla sér völl á þessum sviðum ella muni þær smátt og smátt dragast aftur úr.

Við fögnum hér í dag glæsilegum vitnisburði um sóknarkraft Íslendinga í hinni nýju atvinnulífsveröld vísinda og tækni.

Opnun nýrrar lyfjaverksmiðju Delta endurspeglar í senn stórhug og framfaravilja eigenda og stjórnenda og áraðni og hæfni sérfræðinga og starfsfólks alls.

Hún sýnir að Íslendingar eru staðráðnir í að vera í fremstu röð þeirra sem sækja fram á hinum nýja velli framleiðslu og tækni.

Okkur er tamt að líta á sjúkrahús, lækningastörf og lyfjagerð, forvarnir og endurhæfingu fyrst og fremst sem þætti í því sem stundum er nefnt heilbrigðisþjónusta og í reiknisskilum þjóðarbúsins eru upphæðirnar sem þessum þáttum tengjast ætíð færðar til útgjalda.

Það er hins vegar brýnt að skilja til hlítar að hinn víði og breiði heilsuvöllur er einnig orðinn vettvangur mikilla tækifæra til arðbærrar atvinnuuppbyggingar, framleiðslu og gjaldeyrstekna.

Með sívaxandi áherslum á heilbrigði og lækningar, með hækkuðum lífaldri og meiri kröfum um vellíðan og heilsu í öllum löndum og heimsálfum er það sem við venjulega nefnum heilbrigðisþjónustu nú þegar orðið að öflugum alþjóðlegu markaðssvæði sem felur í sér fjölbætt tækifæri til arðvænlegrar framleiðslu og atvinnusköpunar, starfsemi sem veitir fjölda sérfræðinga og tæknifólks möguleika á að nýta menntun sína og hæfileika.

Um leið og ég óska eigendum, stjórnendum og starfsfólki Delta til hamingju með þessa glæsilegu nýju lyfjaverksmiðju er það einlæg ósk mín að hún verði áhrifaöflum í íslensku atvinnulífi hvatning til að skilja til hlítar þau sóknarfæri sem bíða okkar Íslendinga í hagkerfi nýrrar aldar.

Það er mér bæði ánægja og heiður að lýsa því yfir að lyfjaverksmiðja Delta er hér með opnuð og tekin til starfa.

Til hamingju.